



Fundargerð 282.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 11. október 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes

a. Umhverfismat hafnarframkvæmda

Bjarki Þór Valberg frá Mannvit tengdist fundinum með rafrænum hætti og fór yfir stöðu mála varðandi vinnu Mannvits varðandi umhverfismat hafnarframkvæmda við Dysnes.

b. Lóðaskilmálar

Bjarki Þór Valberg frá Mannvit kynnti drög að lóðaskilmálum fyrir lóðir í eigu HN.

c. Umsókn um lóð

Lagt fram erindi dagsett 22. september s.l. frá Líforkugörðum ehf kt. 520923-0710 þar sem félagið óskar formlega eftir að fá úthlutaðri lóð númer 411 við Dysnes. Lóðin er iðnaðarlóð, 6.681 fermetrar. Fyrirhuguð starfsemi á lóðinni er móttaka og vinnsla dýraleifa, þ.e. fyrsti fasi líforkugarða. Stjórn HN hefur áður fengið í tvígang kynningu á verkefninu og hefur sett fram fyrirvara sem nýstofnað félag hefur tekið til greina. Stjórn HN telur rétt að áfram verði unnið að mögulegri uppbyggingu á svæðinu og felur hafnarstjóra, formanni og varaformanni að funda með Líforkugörðum varðandi viljayfirlýsingu um lóðina.

2. Fjárhagsáætlun HN 2024, síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2024 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 1.350 mkr., og rekstrargjöld verði 817 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 420 mkr. Stjórn HN samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.



3. Framkvæmdaáætlun HN 2024, síðari umræða

Framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2024 tekin til síðari umræðu. Helstu verkefni eru: Torfunefsbyggja veituhús, Torfunefsbyggja þekja, Torfunefsbyggja kantur og Torfunefsbyggja lagnir auk minni verka. Frá fyrri umræðu hefur bæst við verkefni varðandi Dysnes. Hlutur HN í verkefnunum er áætlaður 429 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

4. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnarstjóri kynnti stöðu verklegra framkvæmda.

5. Tilmæli vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði. Erindi frá bæjarráði.

Lögð fram greinargerð sem send verður á bæjarráð varðandi stöðu mála hjá Hafnasamlagi Norðurlands bs vegna tilmæla forstjóra Samkeppniseftirlitsins til sveitarfélaga um samkeppnisaðstæður á flutningamarkaði. Ásgeir Örn Blöndal lögmaður hjá Pacta sem vann greinargerðina mætti á fundinn undir þessum lið. Eins og fram kemur í greinargerðinni er staða mála hjá HN í því horfi í dag að stjórn HN telur ekki þörf á sérstökum aðgerðum til að uppfylla tilmæli SKE.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.45

Inga Dís Sigurðardóttir formaður _____

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður _____

Axel Grettisson ritari _____

Ásrún Ýr Gestsdóttir _____

Jón Þorvaldur Heiðarsson _____

Ólafur Rúnar Ólafsson _____

Sverre Jakobsson _____



Þróstur Friðfinnsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
